# Hagi 3, Nesjahverfi
# Sveitarfélagið Hornafjörður

***Úttektarskýrsla minjavarðar***

Þuríður Elísa Harðardóttir
2023

Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland



*Höfundur*
*Þuríður Elísa Harðardóttir*

*Ljósmynd á forsíðu*
Loftmynd af svæðinu frá 1954

© 2023
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

**Minjastofnun Ísland**
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

## Efnisyfirlit

1. Aðdragandi vettvangsferðar .......... 4

2. Niðurstöður .......... 4

3. Heimildaskrá .......... 5

# Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
*3070*

Tilgangur úttektar:
*Fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir*

Staðsetning:
*Lóð Haga 3*

GPS:
*687036.61,426233.47*

# 1. Aðdragandi vettvangsferðar

Minjastofnun Íslands barst ofangreint svæði til umsagnar. Þar sem ekki liggur fyrir skráning fornleifa, húsa og mannvirkja innan svæðisins kynnti minjavörður sér fyrirliggjandi svæði til að leggja mat á það hvort kalla þyrfti eftir frekari gögnum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda eða afgreiða aðal- eða deiliskipulag án undanfarandi skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Hagi er nýbýli frá Þinganesi frá 1958. Lóð Haga 3 er meir en kílómetra frá gamla bæjarstæði Þinganess. Nýlegar loftmyndir sýna að nú þegar hefur verið jarðvegsskipt og búið að koma fyrri púða þar sem fyrirhugað er að reisa íbúðarhúsið. Engin örnefni liggja fyrir á svæðinu né voru þar þekktar minjar. Erfitt er þó að segja til um það þar sem búið er að raska svæðinu.



Mynd 1 – Úttektarsvæðið.

# 2. Niðurstöður

Engar þekktar menningarminjar eru innan svæðisins né benda heimildir til þess að minja sé að vænta innan þess. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða

skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

## 3. Heimildaskrá

Björn Gísli Arnarson, Hulda Þráinsdóttir og Zophonías Torfason. (1999). *Menningarminjar í Austur-Skaftafellssýslu*.

Landmælingar Íslands. *Loftmyndasafn*. https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn

Stefán Jónsson. (1971). Lón. Í *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu: I. Bindi*. Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjónsó.

Túnakort Þinganes. (1918). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnaskrá Þinganes. Skráð af Stefáni Einarssyni eftir Ásgeiri Guðmundssyni (heimildarmaður). Örnefnasstofnun Íslands.